

## AUGLÝSING

**um breytingu á reglugerð fyrir Hitaveitu Rangæinga nr. 632 frá 25.  
nóvember 1982.**

Í 5. gr. bætist við ný málsgrein, sem verður 5. málsgrein 5. gr., þannig:

Hitaveitan getur neitað að opna aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð sem lokað hefur verið fyrir vegna vanskila fyrr en gerð hafa verið full skil. Húseigendur eru ábyrgir fyrir hitaveitugjöldum af húsum sínum.

Aðrar málsgreinar 5. gr. haldast óbreyttar.

Reglugerðarbreyting þessi sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Rangæinga er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 22. júní 1984.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Rangæinga, nr. 28  
frá 25. janúar 1984.**

Síðasti ml. 2. gr., „Óski húseigandi þess getur hann keypt vatn samkvæmt hámarksrennsli um hemil.“, falli niður, en þess í stað komi svohljóðandi ml.:

— Stjórn hitaveitunnar er heimilt að selja vatn á veitusvæði hitaveitunnar samkvæmt mælum eða hemlum eða báðum kerfunum saman. Stjórn hitaveitunnar er heimilt að breyta kerfum einstakra húsa, enda sé slík breyting tilkynnt húseiganda með minnst 14 daga fyrirvara og gerð á kostnað hitaveitunnar. —

Gjaldskrárbreyting þessi sem samþykkt er af stjórn Hitaveitu Rangæinga er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 22. júní 1984.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*